

## Stefna Hulduheima.

**Hugmyndafræði og uppeldisleg sýn leikskólans Hulduheima** byggist á hugmyndafræði John Dewey sem er leið til þess að hugsa um uppeldi, kennslu og tilgang leikskólastarfs. Dewey vildi að samfélagið og skólinn ynni saman og hann taldi nauðsynlegt að samband væri milli raunverulegrar reynslu barnanna, náms og menntunar. Hann taldi einnig mikilvægt að börnin þekktu fortíðina, þannig myndu þau skilja nútíðina. Dewey sá skólann fyrir sér sem samfélag þar sem lýðræði væri haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfa saman og hver um sig leggur sitt að mörkum. Reynsla, samfélagið og lýðræði eru að mati Dewey samofin í leikskólastarfinu. Hlutverk leikskólans er að hafa í huga líf barnanna utan veggja leikskólans og byggja á þeirri reynslu sem börnin hafa þegar aflað sér og skapa nýja reynslu sem þau geta lært af. Líf innan veggja leikskólans á að hjálpa barninu að lifa og starfa sem einstaklingur í samfélagi við aðra einstaklinga. Dewey telur að börnum sé það meðfætt að læra, þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum sem skýrast á einfaldan hátt í einkunnarorðunum: **learning by doing**, að læra í athöfn og að læra af eigin reynslu.

### **Menntun og reynsla**

Dewey taldi að börn öðluðust einungis raunhæfa menntun í gegnum reynslu sína. Náms barna er samfélagsmiðað, þar sem barnið lærir í samskiptum við aðra einstaklinga. Dewey lagði áherslu á samfellu í námi barna þar sem námsgreinar, bóknám og verknám er fellt saman í eina heild og litið er á námsferlið allt sem menntandi reynslu.

### **Menntun og samfélag**

Leikskólinn á að kynna fyrir barninu frumpætti samfélagsins og þjálfa það í að vera þátttakandi í samfélagi fólks. Líf innan veggja leikskólans á að hjálpa barninu að taka þátt í og starfa í samfélaginu núna og í framtíðinni. Dewey taldi að mannsiðir, góð hegðun sem og kurteisi og siðprýði, virðing fyrir ólíkum siðum og hefðum þjóða og heimila, aðlögun og tillitssemi væru mikilvægir þættir í samskiptum fólks.

### **Menntun og lýðræði**

Virðing er undirstaða lýðræðis. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing felst m.a. í sanngirni, umhyggju, víðsýni og umburðarlyndi. Samhliða lýðræði og lífsleikni er stuðlað að sjálfræði og sjálfshjálpi barnanna. Dewey taldi að fólk menntaðist með því að vinna saman og nauðsynlegt sé að hver og einn leggi sitt af mörkum til samfélagsins. Dewey álitur að menntun sé það sem hver og einn upplifir hér og nú.

### **Markmið leikskólans Hulduheima í ljósi hugmyndafræði Dewey.**

Einstaklingsmiðað nám, barnið í brennidepli sem einstaklingur.

Foreldrar bera aðalábyrgð á uppeldi barna sinna og eru virkir þátttakendur í uppeldi barnsins heima og að heiman. Þess vegna gera foreldrar og leikskóli með sér sáttmála um nám og uppeldi barnsins í leikskólanum. Við upphaf leikskólagöngunnar skýra foreldrar frá þeirri reynslu sem börnin hafa þegar fengið og kennarar leikskólans geta þar af leiðandi byggt ofan á þá reynslu. Á meðan á leikskóladvöl barnsins stendur gefa foreldrar og kennarar leikskólans hvert öðru upplýsingar um reynslu barnsins, þannig að það myndast samfella í námi þess, samfella milli heimilis og leikskóla og umhverfisins.

Áhersla er lögð á að börn og kennarar kynnist nánasta umhverfi leikskólans og noti í daglegu starfi í leikskólanum.

Börnunum er gefið tækifæri til að rannsaka og skoða umhverfi sitt og vinna úr upplifunum sínum á markvissan hátt innan leikskólastarfsins. Þau fá tækifæri til að læra á og þekkja umhverfi sitt, sögu, náttúru, fyrirtæki og annað sem einkennir umhverfi leikskólans. Leikskólakennarar/starfsfólk undirbúa og skipuleggja vettvangsferðir og rannsóknarvinnu og einnig hvernig hægt er að vinna frekar með viðfangsefnið inni í leikskólanum. Upplifanir og sýn barnanna á umhverfi sínu verður nýtt sem efniviður í vinnu í sem flestum þáttum leikskólastarfsins, leik, kubbatímum (unit blocks), myndlist, tónlist, hreyfingu, tölvum, málrækt, náttúruvísindum og fleiru. Kennarar líta á umhverfið sem spennandi rannsóknarverkefni fyrir börnin.

**Lýðræði í leikskólanum - lífsleikni.** Unnið er með sjálfshjálpi, lífsleikni, samskipti og skilning á þörfum einstaklinganna innan leikskólans, þannig að samfella myndist í reynslu þeirra og menntun. Kennarinn mætir börnunum á jafnréttisgrundvelli. Hann er til staðar fyrir börnin, fylgist með þeim og tekur þátt í leik þeirra ef við á. Hlutverk hans er að styðja og styrkja börnin í að taka sjálfstæðar ákvarðanir, skilja sjónarmið annarra og hvetja þau til sjálfshjálpar auk þess að styðja börnin í að leysa deilur og ágreiningsmál á friðsamlegan hátt. Hann er hópstjóri og er óhræddur við að aðstoða börnin, hann aðstoðar börnin í leit að lausnum í verkefnavinnunni.

**Kennsluáðferðir - Könnunaraðferðin** æfir félagslega færni barna en félagsfærnin gengur m.a. út á að læra að gefa og þiggja, eiga vini, eiga samskipti við aðra og læra að skilja orsök og afleiðingar. Börnin þurfa að læra að takast á við velgengni og mistök og geta greint frá tilfinningum sínu. Verkefnavinnan skiptist í þrjá hluta sem tákna upphaf, miðju og endi.

### 1. Hluti - Upphaf.

Það getur verið að skoða bók, eða umræða vaknar í barnahópnum um eitthvað eða upplifun einhvers barnsins, eða farið er í vettvangsferð þar sem eitthvað vekur áhuga barnanna. Þekkingarvefur er búinn til, vinnuspurningar eru gerðar, umræða er í barnahópnum og ef til vill fara upplýsingar heim til foreldra og umræðan heldur áfram heima hjá barninu.

**2. Hluti - Undirbúningur** að vettvangsferðum. Farið í vettvangsferðir. Úrvinnsla vettvangsferða (umræða, hlutir, bækur, myndir). Heimsóknir sérfræðinga eða frekari vettvangsferðir barnanna og börnin halda áfram að rannsaka.

**3. Hluti - Uppákoma** (sýning) sem sýnir eða miðlar náminu sem hefur átt sér stað. Börnin eru þátttakendur í skipulagningu á því hvernig það er sett fram. Mat á því hvernig til tókst. Niðurstaða síðasta verkefnis getur kveikt hugmynd að því næsta.

Börnin fá að kynnst náttúrunni og umhverfi leikskólans, það stuðlar að því að þau koma auga á það sem er að gerast í nánasta umhverfi þeirra. Þannig eflist áhugi barnanna á félagslegu og menningarlegu umhverfi þeirra. Tengsl þeirra við heimabyggðina styrkist, það stuðlar að því að þau verði vakandi og virk fyrir fjölbreytileika umhverfisins. Börnin eru þjálfuð í gagnrýnni hugsun með það fyrir augum að þau geti orðið þjóðfélagsþegnar í lýðræðissamfélagi. Stuðlað er að umburðarlyndi í samskiptum barnanna og í samneyti þeirra við aðra. Börnin læra að orð og gjörðir þeirra skipta máli og geta haft áhrif á líf og líðan þeirra sem ásamt þeim lifa og starfa í samfélaginu. Það stuðlar að því að þau verði öflugir einstaklingar sem leysa vandamál líðandi stundar, horfa fram í tímann, þekkja fortíðina og takast óhræddir á við framtíðina, líta á hana sem spennandi og ögrandi viðfangsefni gagnrýnnar hugsunar.

Dewey bendir á að leikskólinn sé ekki undirbúningur undir lífið, hann bendir á að leikskólinn sé lífið. Mikilvægt er að hvetja barnið til sjálfshjálpar og að barnið taki þátt í daglegum verkum sem hæfa þessa, til dæmis að hjálpa til við undirbúning máltíðar og við frágang að máltíð lokinni. Að klæða sig úr og í og skilja áhrif veðurfars á klæðnað fólks, að styrkja hreinlætisvenjur, að styrkja félagsvitund barna með samhjálp og að börnin læri að meta gildi samvinnu. Taka þarf tillit til þarfa barnanna, samspil á milli barnsins og aga og þess sem skynsamlegt er. Þar má nefna matartíma, matarvenjur, reglur, síði og hefðir.